



## Fundur í sveitarstjórn

**45. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 14. apríl 2016 og hófst kl 17:00.**

**Mætt voru:** Hulda Kristín Baldursdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Ívar Jónsson, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Vara oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

U-listinn óskaði eftir því að bæta við lið á dagskrá undir heitinu „*Upplýsingagjöf varðandi húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn*“. Samþykkt samhljóða að bæta liðnum við og hafa hann númer 23.

Dagskrá:

**1. Fundargerð 837. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. mars 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerðir 181. og 182. funda Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra**

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar 181. fundargerð HNE til Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar til umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerð 278. fundar stjórnar Eyþings, dags. 9. mars 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**4. Fundargerð 1. fundar Almannaþingarnefndar Þingeyinga, dags. 9. mars 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**5. Ársskýrsla Héraðssambands Þingeyinga**

Ársskýrsla lögð fram til kynningar.

**6. Héraðsnefnd Þingeyinga bs. – kjör í fulltrúaráð**

Héraðsnefnd Þingeyinga hefur óskað eftir því, í ljósi formgalla á afgreiðslu sinni, að stofnsamningur um Héraðsnefnd Þingeyinga verði aftur tekinn til formlegrar afgreiðslu. Jafnframt þarf sveitarstjórn Langanesbyggðar að tilnefna tvo aðalmenn í nefndina og tvo varamenn. Aðalmenn skulu koma úr röðum þeirra sem kjörnir voru aðalmenn í sveitarstjórn, varamenn skulu vera kjörnir fulltrúar en mega vera hvort heldur sem er aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn.



## LANGANESBYGGÐ

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðan stofnsamning Héraðsnefndar Þingeyinga og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tilnefnir Reyni Atla Jónsson og Björn Guðmund Björnsson sem aðalmenn í Héraðsnefnd Þingeyinga.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tilnefnir Huldu Kristínu Baldursdóttur og Þorstein Ægi Egilsson sem varamenn í Héraðsnefnd Þingeyinga.

Samþykkt samhljóða.

### **7. Fundargerð 11. fundar Landbúnaðarnefndar dags. 17. mars 2016**

#### *Liður 1 Fyrirkomulag vargeyðingar*

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar leggur til að fyrirkomulagi veiða verði breytt.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar er sammála Landbúnaðarnefnd og felur henni, í samstarfi við skrifstofu Langanesbyggðar, að útfæra tillögu að breyttu fyrirkomulagi.

6 samþykkir, Halldóra Jóhanna situr hjá.

#### *Liður 2 Verkefni ársins 2016 – Kostnaður og forgangsröðun*

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar listaði upp verk sem nefndin telur mikilvægt að farið sé í.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að mikilvægt sé að forgangsráða og kostnaðargreina verkin. Slíkt hafi ekki verið gert og tekur sveitarstjórn því ekki afstöðu til þessara verka fyrr en að aflokinni þeirri vinnu.

Sveitarstjórn felur Landbúnaðarnefnd að forgangsráða og kostnaðargreina verkin í samráði við skrifstofu.

5 samþykkir, Halldóra Jóhanna og Björn Guðmundur sitja hjá.

#### *Liður 3 Innsent erindi – Hallgilsstaðir*

Landbúnaðarnefnd barst erindi er varðar kostnaðarþátttöku í uppsettri girðingu á leigujörð sinni.

Nefndin telur framkvæmdina þjóna hagsmunum sveitarfélagsins þrátt fyrir formgalla á framkvæmd og mælist til að ábúandi og landeigandi jarðarinnar komi sér saman um ásættanlega niðurstöðu. Í það minnsta að sveitarfélagið borgi girðinguna við ábúðarlok.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir það sjónarmið nefndarinnar að framkvæmdin verði metin við uppgjör aðila við ábúðarlok.

Samþykkt samhljóða

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.



## LANGANESBYGGÐ

### 8. Fundargerð 14. fundar Fræðslunefndar dags. 9. mars 2016

*Liður 1 Tónlistarskóli Langanesbyggðar – ráðning afleysingarmanneskju*

Ráða þarf afleysingarmanneskju í starf tónlistarkennara við Tónlistarskóla Langanesbyggðar.

Fræðslunefnd mælir með ráðningu Ragnars Jóns Grétarssonar, tónlistarmanns.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir ráðningu Ragnars Jóns Grétarsson og felur sveitarstjóra að ganga frá henni.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

### 9. Fundargerð 15. fundar Fræðslunefndar dags. 17. mars 2016

*Liður 5. Önnur mál*

Fræðslunefnd lýsir yfir áhyggjum sínum vegna niðurstaðna starfsmannakönnunar í leikskólanum Barnabóli og foreldrakönnunar Grunnskólans á Þórshöfn í Skólapúlsinum, varðandi aðgengi að sérkennslu og sérfræðiþjónustu. Þar kemur fram það mat aðila að aðgengi sé ófullnægjandi. Fræðslunefnd skorar á sveitarstjórn að leita úrbóta í þeim efnum sem fyrst og í síðasta lagi fyrir næsta skólaár.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir áhyggjur Fræðslunefndar og felur sveitarstjóra, í samráði við deildarstjóra á fræðsluviði, að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

### 10. Fundargerð 16. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. apríl 2016

*Liður 1. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 2-6-stækkun á mjöhlúsi*

Óskað hefur verið eftir leyfi til að breyta byggingu skýlis yfir þurrkara til samræmis við reglugerð um byggingar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að byggingafulltrúi afgreiði erindið að fenginni jákvæðri umsögn hafnarnefndar og þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar á erindinu.

Samþykkt samhljóða.

*Liður 2. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 4-6 – breytingar á þaki*

Óskað hefur verið eftir leyfi til að hækka þak að hluta.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingafulltrúi afgreiði erindið að fenginni jákvæðri umsögn hafnarnefndar og þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar á erindinu.



## LANGANESBYGGÐ

Samþykkt samhljóða.

*Liður 3. Byggingarleyfisumsókn – Austurvegur 6 – breyting viðbyggingu*

Óskað hefur verið eftir leyfi til að breyta viðbyggingu og sólpalli.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur ekki afstöðu til erindisins fyrr en að aflokinni grenndarkynningu. Grennd telst vera Austurvegur 2, 4, 8, 10 og Miðholt 1 til 7.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar á erindinu.

Samþykkt samhljóða.

*Liður 4 Stöðuleyfisumsókn – Fjarðarvegur 43 – 20 feta gámur*

Sótt er um stöðuleyfi fyrir einn 20ft. gám frá 10. apríl til 10. september 2016.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykkir erindið.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að veita stöðuleyfið.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

### **11. Fundargerð 8. fundar Hafnarnefndar, dags. 12. apríl 2016**

*Liður b. i.. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 2-6-stækkun á mjöhlúsi*

Sótt hefur verið um leyfi vegna fyrirhugaðra breytinga á þaki mjöhlúss.

Hafnarnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki umsóknina.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu hafnarnefndar og felur byggingafulltrúa að gefa út byggingaleyfi þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

*Liður b. ii. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 4-6 – breytingar á þaki*

Sótt hefur verið um leyfi til að endurgera skýli yfir þurrkara til samræmis við reglugerð um byggingar.

Hafnarnefnd leggur til að sveitstjórn samþykki umsókn um byggingarleyfi.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu hafnarnefndar og felur byggingafulltrúa að gefa út byggingaleyfi þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

### **12. Fundarboð – Stapi lífeyrissjóður**

Ársfundur lífeyrissjóðsins Stapa verður haldinn miðvikudaginn 4. maí n.k. í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri og hefst kl. 14:00.

Óskað hefur verið eftir því að sveitarstjórn tilnefni fulltrúa á fundinn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að mæta á fundinn og gera stjórn Stapa lífeyrissjóðs grein fyrir því.



## LANGANESBYGGÐ

4 samþykktir, Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

### 13. Innsent erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga – erindi til umræðu í sveitarstjórnnum, heilbrigðisnefndum og stjórnnum landshlutasamtaka

Samband Íslenskra Sveitarfélaga sendi öllum sveitarstjórnnum, heilbrigðisnefndum og stjórnnum landshlutasamtaka sveitarfélaga erindi hvað varðar hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga til umræðu. Óskar sambandið eftir því að fá skrifleg viðbrögð frá sem flestum viðtakendum erindisins. Einkum er óskað eftir því að fá fram sem skýrasta afstöðu sveitarstjórnarmanna til þess hvort þeir telji æskilegt að hafin verði formlega vinna við að endurskipuleggja starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014-2018 er lögð áhersla á að eftirlit með mengandi starfsemi sé sem miðlægust og samræmingarhlutverk miðlægra eftirlitsstofnana verði eft til að stuðla að samræmdu eftirliti um allt land.

Sambandið telur að áherslur Samtaka atvinnulífsins (SA) hafi nýverið breyst hvað varðar fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits og telji að nú skuli færa það sem mest yfir til sveitarfélaganna. SA telji að auka þurfi skilvirkni og bæta samræmi í eftirliti. Til þess verði að fækka heilbrigðiseftirlitssvæðum með sameiningu heilbrigðisnefnda.

Sambandið hefur, að hluta, tekið undir sjónarmið SA og talar fyrir því að of mikið sé að heilbrigðissvæði séu 10, þar af þrjú á höfuðborgarsvæðinu, líkt og nú sé.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar er hlynnt því að skoðað verði hvort hægt sé að auka skilvirkni og hagræðingu í starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Vara verður við hugmyndinni um mjög stór eftirlitssvæði því slíkt getur skert nærþjónustu þegar til lengri tíma er litið og gert ákvörðunartöku fjarlægari gagnvart fyrirtækum og almannahagsmunum. Leggja verður þunga áherslu á að hlutverk og verkefni heilbrigðisnefnda verði ekki skert á nokkurn hátt og að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði eftir sem áður sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir heima í héraði með skýr, afdráttarlaus og óskert þvingunarúrræði.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að koma sjónarmiðum sveitarfélagsins á framfæri við sambandið.

Samþykkt samhljóða.

### 14. Innsent erindi sóknarnefndar Þórshafnarsóknar – Tónlistarkennari kirkjuorganisti

Sóknarnefnd Þórshafnarsóknar hefur óskað eftir því að þegar auglýst verði eftir tónlistarkennara til starfa í Langanesbyggð þá verði leitast við að viðkomandi aðili geti einnig tekið að sér organistastarf í Þórshafnarsókn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir erindi sóknarnefndar og felur sveitarstjóra að koma stöðu organista á framfæri í auglýsingu um tónlistakennara ásamt því að leita eftir því að viðkomandi taki að sér starf organista í Langanesprestakalli.

Samþykkt samhljóða.



## LANGANESBYGGÐ

### 15. Innsent erindi – Skólaakstur í Langanesbyggð

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið. Þann 11. apríl síðastliðinn barst skrifstofu Langanesbyggðar bréf dagsett 10. apríl frá Krzysztof Krawczyk og Sigríði Ósk Indriðadóttur búsettum í Miðfjarðarnesi á Langanesströnd vegna skólaaksturs í Langanesbyggð. Í bréfinu er þess farið á leit að Langanesbyggð standi straum af kostnaði vegna aksturs barna á leiðinn Miðfjarðarnes-Þórshöfn-Miðfjarðarnes þ.e. heimkeyrsla að afloknum skóladegi. Einnig skora bréfritarar á Langanesbyggð að afleggja núverandi skólahverfaskiptingu sem þau telja að snúist að mestu um að þau fái ekki notið skólaaksturs til Þórshafnar. Að síðustu er skorað á sveitarstjórn að ákveða strax hvernig skólaakstri verði háttáð næsta vetur.

Umræddar kröfur og áskoranir styðja bréfritarar þeim rökum að um mismunun sé að ræða þar sem börn úr skólahverfi vestursvæðis fái að ganga í skóla á Bakkafirði. Einnig fylgir bréfinu afrit af úrskurði/bréfi Mennta- og Menningarmálaráðuneytisins dags 1. febrúar 2016 og tölvupóstur frá skrifstofu Langanesbyggðar dags 24. mars 2015.

Í fyrrgreindum úrskurði Mennta- og Menningarráðuneytisins kemur fram að það sé mat ráðuneytisins að skipulag skólaaksturs í sveitarfélaginu grundvallist á málefnalegum sjónarmiðum, og teljist í samræmi við tilgang og markmið ákvæða í reglum nr. 656/2009, sem eiga sér stoð í 22. gr. laga nr. 91/2008. Ráðuneytið telur þó ástæðu til að vekja athygli á heimild sveitarfélagsins til að semja við foreldra um þátttöku í skólaakstri.

#### **Bókun.**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar ósk bréfrítara um greiðslur vegna skólaaksturs umfram það sem nú þegar hefur verið samþykkt og kemur fram í tölvupósti frá skrifstofu Langanesbyggðar dags 24. mars 2015.

Núverandi fyrirkomulag skólaaksturs er með þeim hætti að skólabíll sá er sinnir austursvæðinu (*upptökusvæði Gr.sk. á Bakkafirði*) ekur að Felli. Á vestursvæði (*upptökusvæði Gr.sk. á Þórshöfn*) eru tveir akstursleggir, annar til norðvesturs og hinn til norðausturs. Ekki er um að ræða skólaakstur frá Þórshöfn til austurs utan þann akstur er tengist kennslu barna Bakkafjarðarskóla á Þórshöfn. Því þurfa þeir foreldrar á vestursvæði sjálfir að koma sínum börnum á Bakkafjörð ef óskað er skólavistar á austursvæðinu, sama á við um foreldra barna á austursvæði ef þau æskja skólavistar á vestursvæði. Því getur sveitarstjórn Langanesbyggðar ekki fallist á þau rök bréfrítara að um mismunun íbúa sé að ræða.

Núverandi skipting skólahverfa er byggð á landfræðilegum rökum er endurspeгла fjarlægðir og legu byggðarkjarna sveitarfélagsins. Ekki stendur til að breyta skiptingu skólahverfa. Hvað varðar skipulag skólaaksturs vegna næsta skólaárs þá verður hann skipulagður af fræðslunefnd (skólanefnd) í samræmi við 3. og 4. gr. reglna um skólaakstur nr 656/2009 og skipulagið birt fyrir upphaf næsta skólaárs.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara bréfríturum í samræmi við ofangreinda bókun.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Karl Ásberg á móti.

#### Bókun U-lista

U-listinn leggur til að viðkomandi aðilum verði greitt fyrir akstur til Þórshafnar – þá daga sem ekki er hægt að nota þjónustu skólabíls. Sú afgreiðsla yrði ekki



## LANGANESBYGGÐ

fordæmisgefandi þar sem umrædd fjölskylda hafi keyrt sín börn til Þórshafnar, í töluverðan tíma, fyrir tíma skólahverfa í Langanesbyggð.

### 16. Velferðarráðuneytið – svar við erindi um fjölgun hjúkrunarrýma á Nausti

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið.

Velferðarráðuneytið hefur sent svar við erindi Langanesbyggðar um fjölgun hjúkrunarrýma á Nausti.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fjölga hjúkrunarrýmum úr 10 í 11.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðuna.

### 17. Sauðanesnefnd – skuldastaða við sveitarsjóð

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir minnisblað vegna málsins og lagði til að Sauðanesnefnd verði styrkt um kr. 3.263.995.-

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir umræddan styrk um leið og hún þakkar nefndarmönnum í Sauðanesnefnd óeigingjarnt og gott starf undanfarin mörg ár.

Samþykkt samhljóða.

### 18. Innanríkisráðuneytið – úrskurður í stjórnslumáli nr. IRR16030226

Ráðuneytið hefur 21. mars sl. kveðið upp úrskurð í stjórnslumáli nr. IRR16030226, kæra U-listans í Langanesbyggð vegna ákvörðunar meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar. Í samræmi við tilmæli ráðuneytisins er úrskurður þess lagður fram til kynningar fyrir sveitarstjórn.

Niðurstaða ráðuneytisins var að vísa bæri málinu frá þar sem ágreiningsefnið sé ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga, þ.e. ákvörðun sem tekin sé í skjóli stjórnsluvalds og beint milliliðalaust út á við að tilteknum aðila eða aðilum og með henni kveðið á bindandi hátt um rétt eða skyldur þeirra í ákveðnu og fyrirbyggjandi máli.

Ráðuneytið taldi hina kærðu ákvörðun ekki kæranlega á grundvelli 1. mgr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 109. gr. sömu laga og vísaði málinu frá.

Ráðuneytið mun taka til athugunar hvort ástæða sé til að taka málið til skoðunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, en U-listinn á ekki aðild að því máli.

#### **Bókun meirihluta sveitarstjórnar:**

Meirihluti sveitarstjórnar vill koma því á framfæri að beðist hefur verið velvirðingar á þeim formgöllum sem voru á afgreiðslu málsins sem um ræðir.

### 19. Fastanefndir – breytingar á samþykktum

*Liður 1 Menningar- og bókasafnsnefnd*

Lagðar fram voru samþykktir Menningar- og bókasafnsnefndar með þeim breytingum sem samþykktar voru á 44. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Lagt er til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki framlagðar breytingar.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

*Liður 2 Velferðarnefnd*





## LANGANESBYGGÐ

Lagðar voru fram samþykktir fyrir sameinaða Velferðar-, íþróttar- og tómstundanefnd samkvæmt umræðum 12. tl. 41. fundar sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Lagt er til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki framlagðar breytingar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá. Halldóra Jóhanna á móti.

### 20. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar, seinni umræða

Sveitarstjóri kynnti þær breytingar sem lagðar eru til á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar frá fyrri umræðu.

Lagt til að sveitarstjórn samþykki framlagðar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.

### 21. Rekstraruppgjör janúar-febrúar

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti rekstraruppgjörið.

Sjá má þess stað í afkomutölum sveitarfélagsins að verulegur munur er á lönduðum uppsjávarafla milli árána 2015 og 2016. Landaður afli fyrstu tvo mánuði 2015 var fast að 30.000 tonnum á móti um það bil 3.000 tonnum fyrstu tvo mánuði 2016.

### 22. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau fjölmörgu mál sem í gangi hafa verið.

Mikil greiningarvinna vegna rakavandamála hefur farið fram í tengslum við húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn. Miðað er við að verkið verði unnið í sumar og skólinn verði tilbúinn fyrir upphaf næsta skólaárs.

Greining á ástandi íþróttahúss og sundlaugar er á lokametrinum ásamt aðgerðaráætlun. Unnið hefur verið í því að framlengja samning um sorpmál en einfalda um leið.

Búið er að skrifa undir samning um sértækan byggðakvóta og unnið er að útfærslu eftirlits með honum.

Umsókn um styrkvegi hefur verið skilað inn.

### 23. Upplýsingagjöf varðandi húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn“.

#### Bókun U-lista

Sveitarstjórnarmenn U-listans lýsa yfir óánægju sinni með að hafa ekkert verið upplýstir um gang mála varðandi viðhald Grunnskólans á Þórshöfn frá síðasta fundi. Engar upplýsingar né gögn hafa borist sveitarstjórnarmönnum U-listans vegna málsins. Á síðasta fundi sveitarstjórnar var rætt um að upplýsa sveitarstjórnarmenn jafnóðum ef eitthvað gerðist eða yrði gert. Sérfræðingar hafa komið til Þórshafnar og var sveitarstjórnarfulltrúum U-listans ekki boðið að sitja þann fund eða fundi.

Þessi vinnubrögð eru mjög gangrýnisverð og við veltum mjög fyrir okkur ástæðu þessarar leyndar.

Þorsteinn Ægir óskaði eftir 5 mínútna fundarhléi fyrir hönd U-lista. Fundarhlé samþykkt.

Fundur settur aftur kl. 18:26.





## LANGANESBYGGÐ

### Bókun meirihluta

Meirihluti sveitarstjórnar lýsir yfir ánægju sinni með breytt viðhorf U-lista varðandi upplýsingagjöf. Í ljósi þessara breyttu viðhorfa mun meirihluti sveitarstjórnar leggja sig fram við að bæta upplýsingagjöf í framtíðinni.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:54.